

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
Sími: 411-6060 / Fax: 411-6070
borgarskjalasafn@reykjavik.is
www.borgarskjalasafn.is

Kristín I. Hallgrímsdóttir
Hjúkrunarkona

(1863-1941)

- Skjalaskrá -

Einkaskjalasafn nr. 223

Kristín Ingibjörg Hallgrímsdóttir (1863-1941) Hjúkrunarkona

Kristín Ingibjörg Hallgrímsdóttir hjúkrunarkona var fædd 5. október 1863 í Stykkishólmi, hún lést 10 desember 1941. Kristín var með fyrstu lærðu hjúkrunarkonum á Íslandi. Ágúst Jónsson var sonur hennar, fæddur í Reykjavík 31. ágúst 1901, látinn 23. júlí 1973. Ágústi var komið í fóstur til Ragnheiðar Símonardóttur og Konráðs Maurers Ólafssonar, bókhaldara hjá Geir kaupmanni Zoëga. Ágúst var bakameistari, síðar kaupmaður í Blómaversluninni Hvammi, Njálsgötu 65, Reykjavík. Jóhanna Eyjólfsdóttir var kona hans. Ragnheiður hét dóttir þeirra, fædd 31. mars 1932, látin 1. maí 2001. Þau voru búsett að Njálsgötu 65 í Reykjavík. Maður Ragnheiðar var Jón Lárus Sigurðsson, fæddur 20. apríl 1930.

Ágústa R. Jónsdóttir, dóttir Ragnheiðar Ágústsdóttur, færði safninu skjölin að gjöf 10. apríl 2002, að ósk móður sinnar

Skjalaskrá

Askja 1

Blikkdós geymir eftirfarandi:

- Ástarljóð og önnur ljóð, sum hver frumort og handskrifuð, önnur þekkt kvæði, þ.á m. Spunakonan, Þrek og tár, Séð hef ég köttinn, Skógardraumur, Volga, Volga (Stenka Rasen)
- Umslag merkt: Hjúkrunarkona Kristín Hallgrímsdóttir, Ingólfsstræti 14, Reykjavík, það geymir eftirfarandi ljóð: Þinn þótti var mjer eggjun (nafnlaust), Sveitin mín eftir Sigurð Jónsson frá Helluvaði; reikningsblað með árituðu nafni Ágústar Jónssonar.
- Úrklippa með æviágripi Kristínar Hallgrímsdóttur, úr Hjúkrunarkvennatali.
- Úrklippa með dánarminningu Ragnheiðar Símonardóttur, úr Morgunblaðinu 2. október 1933.
- Reikningsblað.
- Úrklippa með dánarminningu Sigríðar Jónsdóttur.

- Úrklippa með minningarorðum um Sigríði Jónsdóttur Konráðsson.
 - Úrklippa með dánarminningu Jóhönnu Andreu Lúðviksdóttur
 - Úrklippa með ljóði í minningu Magnúsar Magnússonar skólapiłts.
 - Jarðarfarartilkynning Þórdísar Sigurðardóttur.
- Trékassi (konfektkassi), blár, geymir eftirfarandi:
- Álagningarseðill Kristínar Hallgrímsdóttur hjúkrunarkonu, 1914.
 - Prófskírteini Ágústar Jónssonar, 6. bekkur, vorið 1914, 1915.
 - Úrklippa: Erfiljóð eftir Björn Jensson. Höfundur: Guðm. Guðmundsson.
 - Andlátsfregn Bjarna í Hólmi Runólfssonar, úrklippa úr dagblaði 6. september 1938.
 - Bréf, bréfspjöld 1906-1929; tækifæriskort (í tilefni brúðkaups); afmæliskort 1929, þakkarkort 1969; jóla- og nýárskort 1900-1934, flest úr eigu Kristínar Hallgrímsdóttur; ljósmyndakort af móður og barni í skírnarkjól; þakkarkort frá Hjúkrunarfélagi Íslands til Hr. Ágústar Jónssonar og frúar, Njálsgötu 65, Rvk.
 - Beiðni til Kristínar Hallgrímsdóttur um sjúkrahjúkrun, fjórar að tölu.
 - Nafnspjöld.
 - Merkispjald á tösku: Ragnheiður Ágústsdóttir, Njálsgötu 65, Reykjavík.
 - Mynd úr dagblaði af Jóni Helgasyni prófessor.
 - Mynd úr dagblaði af Dronning Louise.
 - Áfengisseðill, júlí 1941.
 - Ljósmyndir: Ágúst Jónsson á ýmsum aldri; Jóhanna, barn að aldri og systkini hennar; Eyjólfur Bjarnason og Þórdís Sigurðardóttir með börn sín; Þórdís Sigurðardóttir. Ljósmyndirnar eru merktar að aftan.
 - Póstkort: Ljósmynd af konum með svuntur. Kristín Hallgrímsdóttir mögulega á myndinni, aftari röð frá vinstri.
 - Ved Alf Guldbergs og Elisabeth Dalhoffs bryllup 21. December 1897.
 - Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Landlæknisembættið: Réttur sjúklinga, ca. 1982.
 - Biskupsvígsluljóð sungin í Reykjavíkurdómkirkju 28. ágúst 1910. Ljóðin á Valdimar Briem, en lögin Sigfús Einarsson. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja 1910.
 - Ræða flutt í Eyrabakkakirkju af sjera Ólafi Ólafssyni í Arnarbæli. [Sérpr.]
 - Ljós í myrkri (Til sjúklinga frá sjúklingi). [Sérpr.]
 - Haraldur Níelsson: Í hafróti lífsins. Kaflar úr ræðu, er [eg] flutti a Laugarnesspítala 4. sd. eftir þrettánda 1909. Síra Haraldur Níelsson. Sérpr. úr Nýju Kirkjublaði. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja, 1909.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir